


Eintak bókasafns.

Veiðimálastofnun.

VMST-V/87005

Rannsókn á bleikjustofni Revðarvatns.

Sigurður Guðjónsson og Sigurður Már Einarsson 1987.



VEIÐIMÁLASTOFNUN

Fiskrækt og fiskeldi • Rannsóknir og ráðgjöf.

HVERFISGÖTU 116
- INNG. FRÁ HLEMMI

PÓSTH. 5252
125 REYKJAVÍK

SÍMI 91-621811

VMST V-/870005

Inngangur

Hér verður greint frá niðurstöðum rannsókna á bleikjustofni Reyðarvatns sem gerð var dagana 8. til 10 ágúst 1986. Rannsóknin var unnin fyrir Veiðifélag Reyðarvatns.

Reyðarvatn er 8.3 ferkílómetrar að flatarmáli og er í 325 metra hæð yfir sjávarmáli. Meðaldýpi er 11.3 metrar en mesta dýpi er tæpir 50 metrar. Úr Reyðarvatni rennur Grímsá, ein frægasta laxveiðiá landsins ofan í Lundareykjadal í Borgarfirði. Vatnasvið ofan Reyðarvatns er 107 ferkílómetrar (Sigurjón Rist 1969). Helstu ár sem renna í Reyðarvatn eru Leirá og Fossá.

Í Reyðarvatni er bleikja ein nytjafiska en auk þess er hornsíli í vatninu. Síðustu ár hefur einnig verið sleppt laxaseiðum í vatnið til að auka laxgengd í Grímsá. Bleikjustofn Reyðarvatns hefur áður verið rannsakaður árið 1981 (Þórir Dan Jónsson 1981).

Framkvæmd


Netaseríur með misstórum möskum voru laðar í Selvík í norðvestanverðu vatninu í 2 nætur. Fyrri nóttina var ein sería notuð en þá seinni voru tvær seríur notaðar. Ekki reyndist unnt að veiða víðar í vatninu vegna veðurs.

Lagt var í vatnið seinni hluta dags og vitjað um að morgni.


Allir fiskar í afla voru lengdar og byngdarmældir. Auk þess var hluti aflans tekinn (50 fiskar) til frekari skoðunnar. Kvarnir voru teknir til aldursákvörðunar. Kyn og kynþroski var athugaður. Fæða var einnig athuguð svo og sníkjudýrabyrði.

Niðurstöður og umræða.

Alls veiddust 84 bleikjur og 1 laxaseiði sem var úr sleppingu frá árinu 1984. Bleikjan var frá 19 sm og upp í 47 sm löng (Mynd 1). Endurspeglar þetta nokkuð þá möskvastærð sem var notuð og hefði fengist stærri bleikja ef net með stærri möskva hefði verið notað. Er það einnig í samræmi við niðurstöðu veiðanna 1981 (Þórir Dan Jónsson 1981) (Mynd 2).



Mynd 1. Lengdardreifing bleikju í Reyðarvatni 8-10 ágúst 1986.



Mynd 2. Lengdardreifing bleikju í Reyðarvatni 6-7 ágúst 1981 (Þórir Dan Jónsson 1981).

Í veiðunum í þessari rannsókn skortir einnig smáfisk. Sennileg ástæða fyrir því er að veitt er á stöðum þar sem lítið er um ungfisk. Líklegt er að bleikjan hrygni í ánum sem renna í vatnið og gæti því frekar verið von á yngstu árgöngunum þar. Þessu til stuðnings var veiðin í rannsókninni 1981 einnig ungur smáfiskur en þá var veitt við Ósa Fossár og Leirár. Einnig getur hrygning í vatninu verið afmörkuð við ákveðna staði og ungviði því væntanlega í grennd við þá. Hafa verður einnig í huga að veiðiátakið nú var minna á smáfisk en 1981.

Bleikjan var frá 4 ára og upp í 11 ára gömul (Mynd 3). Í rannsókninni árið 1981 fengust hins vegar fiskar frá 1 ári til 16 ára. Greinilegt er að vöxtur bleikjunnar stöðvast ekki við ákveðna stærð eða við ákveðinn aldur eins oft gerist í íslenskum bleikjuvöðnum.

Bleikjan var yfirleitt í góðum holdum í vatninu. Samband lengdar og þyngdar reyndist vera:

3.49

$p = 0.0016 L$

$r = 0.98$

þar sem L er lengd í sentimetrum og p þyngd í grömmum. r er aðhverfsstuðull. Þegar þyngd er meira en lengd í þriðja veldi eins hér er er fiskur í góðum holdum.

Fæða bleikjunnar skiptist í tvo meginflokka. Annars vegar var hornsíli í maga, stundum ásamt vatnabobba. Hins vegar var fæðan botndýr eingöngu og þar mest á vorflugulirfum og vatnabobba. Um 70 % bleikjunnar var með tóman maga. Aðrandi er að stærstu bleikjunnar og einnig stærstu bleikjunnar í hverjum aldurshópi höfðu étio hornsíli. Það virðist því að ákveðin fæðusérhæfing eigi sér stað innan stofnsins og sá hluti bleikjustofnsins sem fer að éta fisk nái meiri vaxtarhraða.

Flestar bleikjunnar voru kynþroska en hluti þeirra einkum þar stærstu, voru ókynþroska. Gæti það stafað af mikilli sníkjudýrasýkingu. Við mikla sýkingu verður samgróningur í innri líffærum og ná því ekki svil eða hrogn að þroskast.

Sníkjudýrasýking var mjög mikil. Bleikjan var nær undantekningalaust sýkt af bandormslirfu af ættkvíslinni Diphyllbothrium. Lirfan tekur sér bólfestu á innyflum í kviðarholi fisksins. Lífsferill bandormsins er að fullvaxta er ormurinn í þörmum fugla sem éta fisk. Egginn berast í vatn og þaðan í krabbadýr. Sé krabbadýrið étio af fiski skriður lirfan út úr meltingarfærum fisksins og inn í kviðarholið. Þar sest lirfan á lífhimnu fisksins og myndar um sig þolhjúp. Sé sá fiskur étin af fiski hagar lirfan sér eins. Því geta fiskar sem lifa á fiski verið mjög sýktir. Mikil sýking veldur ertingu í líkamsholinu og samgróningingi sem aftur gerir fiskinn ófrjóan (Sigurður Richter 1982). Stærstu fiskarnir í Reyðarvatni voru mest sýktir af þessum ormi. Bandormar í görn voru algengir en voru ekki greindir til tegunda. Nokkrar tegundir koma þar til greina. Bleikjan var einnig nær undantekningalaust sýkt af tálknalús Salmincola og voru eldri fiskarnir meira sýktir en þeir yngstu. Krabbadýr þetta lifir fullorðið á tálknum fiska en egginn klekkjast í vatninu og lirfur skriða út og geta synt um í nokkra daga í leit að hýsli.


Há sníkjudýrabyrði bendir til að í Reyðarvatni sé nánast ónýttur og uppsafnaður bleikjustofn. Til sömu niðurstöðu bendir aldur bleikjunnar og aflamagn, sem var allmikið. Sama ástand ríkti 1981 (Þórir Dan Jónsson 1981).

Það er því um að gera að veiða sem mest úr vatninu. Afli gæti verið 5 til 10 kg á hektara, eða 4 til 8 tonn á ári. Ef veiðar eru stundaðar af því líkum krafti þyrfti að sjálfsöðou að fylgjast með fiskstofni vatnsins. Undirstaða slíkra rannsókna eru góðar veiðiskýrslur. Heppileg net eru með mörkva frá 25 mm og upp í 45 mm.

Reyðarvatn er að mörgu leyti erfitt til veiða þar sem vatnið er stórt og víða djúpt, en einnig eru grynningar sem eru hættulegar bátum. Veður eru einnig oft á tíðum slæm og vatnið erfitt ef vindur blæs. Því er hugmynd Þóris Dan Jónssonar góð um að koma fyrir bólum skammt frá landi með bandi úr og í land svo hægt sé að draga net út og í land í

hvaða veðri sem er. Einnig gæti vetrarveiði í gegnum ís verið athugandi. Þá kemur einnig til greina ádráttur og netaveiði á bleikju að hausti þegar hún er á leið til hrygningarstöðva í ánum Leirá, Fossá og Reyðarlæk.

Ráðleggingarnar varðandi nýtingu eru því að koma á góðri skráningu á veiði. Einnig að koma á sem mestri veiði á sem auðveldastan hátt. Þegar veiði er farin að skipta einhverjum tonnum á ári er rétt að Veiðimálastofnun sé fengin til að rannsaka ástand stofnsins á nýjan leik.



Mynd 3. Lengd og aldur bleikju í Reyðarvatni í ágúst 1986.

Heimildir

Sigurður Richter 1982. Sníkjudýr vatnafiska III.

Veiðimaðurinn 109:19-23.

Sigurður Richter 1982. Sníkjudýr vatnafiska IV.

Veiðimaðurinn 110: 33-36.

Þórir Dan Jónsson 1981. Reyðarvatn. Fiskifræðilegar

rannsóknir 1981. Veiðimálastofnun. Skýrsla. 5. bls.